

Aðalfundur Félags kvenna í lögmennsku.
Haldinn föstudaginn 10. mars 2006 kl. 17:30 að Hótel Sögu.

Oddný Mjöll Arnardóttir formaður setti fundinn og tilnefndi Hjördísi E. Harðardóttur fundarstjóra og Bergþóru Ingólfsdóttur fundarritara. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti hann lögmætan.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár og fylgir hún fundargerð þessari. Nokkrar umræður urðu um nýjar leiðir til að virkja konur til þátttöku í félagsstarfinu.

2. Stjórnarkjör, kjör formanns.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu um formannsefni, Völu Valtýsdóttur hdl. Tillagan var samþykkt einróma.

Þá gerði fundarstjóri grein fyrir eftirfarandi tillögu um stjórnarmenn:

Stjórnarmenn:

Ásdís Kjerúlf hdl.

Bergþóra Ingólfsdóttir hdl.

Dögg Pálsdóttir hdl.

Katrín Theodórsdóttir hdl.

Varastjórnarmenn:

Berglind Svavarsdóttir hdl.

Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.

Stjórnarmenn og varamenn í stjórn voru kjörnir einróma.

3. Ákvörðun um árgjald.

Oddný Mjöll lagði til, í nafni fráfarandi stjórnar, að ekki yrðu innheimt félagsgjöld. Nokkur umræða var um ástæður eða tilefni til innheimtu félagsgjalda. Fram kom að flestir viðburðir og samkomur félagsins hefðu reynst sjálfbærar eða útgjaldalitlar og þá ætti félagið smávægilega fjárhæð í sjóði. Ákveðið var að innheimta ekki árgjald að sinni.

4. Önnur mál.

Dögg Pálsdóttir varpaði fram spurningu um það hvað hefði verið gert til að hvetja konur til þátttöku í félaginu. Nokkur umræða spannst um það efni og fram komu tillögur um ýmislegt sem mætti verða til þess að gera félagið sýnilegar. M.a. að setja fleira efni á heimasíðu félagsins, t.d. framlagða skýrslu stjórnar og fréttatilkynningu frá liðnum mánuði. Þá varð umræða um samvinnu við önnur sérfélög kvenna í faggreinum. Dögg varpaði fram hugmynd um að unninn yrði e.k. söguannáll kvenna í lögmennsku sem mætti koma á framfæri við ritstjóra Lögmennablaðsins.

Fundi slitið kl. 18:05